Nr. 2.
12.
jan.

# Lög

um

breyting á nokkrum brauðum í Eyjarfjarðar- og Vesturskaptafells prófastsdæmum.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Akureyrarbrauð skal vera Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir. Í Lögmannshlíð er þriðjungakirkja. Til brauðs þessa liggur prestskyld öll frá Munkaþverárkirkju og 300 kr.

2. grein.

Grundarbrauð tekur yfir Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir. Til Grundarsóknar liggja 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn. Frá brauði þessu greiðast 50 kr.

3. grein.

Saurbæjarbrauð nær yfir Saurbæjar, Möðruvalla, Hóla og Miklagarðs sóknir. Frá brauði þessu greiðast 250 kr.

4. grein.

Möðruvallaklaustursbrauð skal að eins vera Möðruvalla og Glæsibæjar sóknir. Frá brauði þessu greiðast 200 kr.

5. grein.

Þykkvabæjar og Langholtssóknir, er sameinaðar eru í eitt prestakall, skulu eins og áður var, vera, hvor út af fyrir sig, sjerstakt prestakall. Þykkvabæjarklaustursbrauði leggjast 100 kr., og Meðallandsþingum 300 kr. úr landssjóði

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 12. janúar 1884.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Lov

Nr. 2.
12te
Januar.

om

## Omordning af nogle Præstekald i Øfjords- og Vester-Skaptafellsprovstier.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Akureyri Præstekald skal bestaa af Akureyri og Løgmandshlid Sogne, saaledes at der hver 3die Søndag holdes Gudstjeneste i Løgmandshlid Kirke. Til dette Præstekald henlægges hele Munkathveraa Kirkes Præsteskat og 300 Kr.

§ 2.

Grund Præstekald skal bestaa af Grund, Munkathveraa og Kaupang Sogne. Til Grund Sogn henlægges de 11 sydligste Gaarde i Akureyri Sogn. Fra dette Kald betales 50 Kr.

§ 3.

Saurbær Præstekald skal bestaa af Saurbær, Mødruvellir, Hólar og Mikligardur Sogne. Fra dette Kald betales 250 Kr.

§ 4.

Mødruvallakloster Præstekald skal kun bestaa af Mødruvellir og Glæsibær Sogne. Fra dette Kald betales 200 Kr.

§ 5.

De til et Præstekald forenede Thykkvibær og Langholt Sogne, skulle, ligesom tidligere, hver for sig, udgjøre et særskilt Præstekald. Der tillægges Thykkvabæjarkloster Præstekald 100 Kr. og Medallandsthing 300 Kr. af Landskassen.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 12te Januar 1884.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*